

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/1999

frá 5. nóvember 1999

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/1999 frá 25. júní 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE frá 28. júlí 1993 varðandi fyrirmyndir að eyðublöðum vegna kynningar á innanlandsáætlunum eins og kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar ráðsins 91/271/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 13. lið (tilskipun ráðsins 91/271/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„13a. **393 D 0481:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE frá 28. júlí 1993 varðandi fyrirmyndir að eyðublöðum vegna kynningar á innanlandsáætlunum eins og kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar ráðsins 91/271/EBE (Stjtíð. EB L 226, 7.9.1993, bls. 23).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 296, 23.11.2000, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 271.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 226, 7.9.1993, bls. 23.

2. gr.

Líðir 13a (tilskipun ráðsins 91/676/EBE) og 13b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/446/EBE) verði hvor um sig 13b og 13c.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 5. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner